

LÖG

um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal verðjöfnunargjald í ríkissjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá sem endurselur ekki raforku. Verðjöfnunargjald skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af verðjöfnunargjaldi en Orkubú Vestfjarða 20%.

Iðnaðarráðherra er heimilt að ákveða að Rafveitu Siglufjarðar skuli endurgreitt verðjöfnunargjald af raforkusölu sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar.

2. gr.

Verðjöfnunargjald skal nema 16% árið 1985.

3. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt á sama gjaldstofn og söluskattur skv. lögum nr. 10/1960, með áorðnum breytingum, en söluskattur skal ekki greiddur af verðjöfnunargjaldi.

Heimilt er gjaldskyldum seljendum raforku að hækka söluverð raforku sem gjaldinu nemur.

4. gr.

Sala á raforku skv. lögum þessum telst fara fram á þeim degi sem útskrift reikninga á notanda vegna orkunotkunar á sér stað.

Hver sá aðili, sem selur raforku á síðasta stigi viðskipta, skv. 1. mgr. 1. gr., og er gjaldskyldur skv. lögum þessum, skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, sem hann er heimilisfastur í, verðjöfnunargjald það sem honum ber að standa skil á.

Greiðslunni skal fylgja skýrsla um alla raforkusölu síðasta mánuð, sbr. ákvæði 1. mgr. þessarar greinar um sölu.

5. gr.

Verðjöfnunargjaldi ásamt skýrslu um skuldfærða raforkusölu skal skila fyrir hvern mánuð og er gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar.

6. gr.

Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað verðjöfnunargjaldi á eindaga falla á dráttarvextir af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

7. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu senda ríkisbókhalði og ríkisféhirdi uppgjör og skilagrein mánaðarlega. Ríkisféhirdir skilar innheimtufé mánaðarlega til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, sbr. ákvæði 1. greinar.

Ekki skal greiða þóknun fyrir innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

8. gr.

Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til Áburðarverksmiðju ríkisins, Íslenska álfélagsins hf., Íslenska járnblendifélagsins hf. og til húshitunar.

9. gr.

Ágreining um gjaldskyldu og gjaldstofn má bera undir ráðherra orkumála.

Málshöfðun fyrir almennum dómstólum um gjaldskyldu og gjaldstofn skal byrjuð innan 6 mánaða frá álagningu gjaldsins.

10. gr.

Gjald skv. lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

11. gr.

Ráðherra orkumála er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um gjaldstofn, álagningu og innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggji við skv. öðrum lögum.

Mál út af brotunum skulu rekin að hætti opinberra mála.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985 og falla úr gildi 31. desember 1985.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 75, 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 30. gr. laganna:

1. Í stað „25 000 kr.“ og „50 000 kr.“ í 1. másl. 2. tl. B-liðs 1. mgr. komi: 31 250 kr. og 62 500 kr.
2. Í stað „20 000 kr.“ og „40 000 kr.“ í 2. másl. 4. tl. B-liðs 1. mgr. komi: 25 000 kr. og 50 000 kr.
3. Í stað „140 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. 1. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 180 kr.
4. Í stað „25 500 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. 3. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 31 880 kr.
5. Í stað „15 600 kr.“ í 2. másl. 4. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 19 500 kr.
6. Í stað „3 370 kr.“ í 2. másl. 3. tl. D-liðs 1. mgr. komi: 4 210 kr.